



REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT Í GOLFI Í FLOKKUM ELDRI KYLFINGA

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti í golfi í flokkum eldri kyfinga karla og kvenna.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótið og hafa yfirumsjón með framkvæmd þess. Hún skal skipa mótsstjórn í samráði við klúbbinn þar sem mótið fer fram a.m.k. einum mánuði fyrir mótið.. Viðkomandi klúbbur skal skipa a.m.k. einn dómara og leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður dómari skal hafa landsdómararéttindi.

3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þáttökugjöld sem renna til klúbbsins þar sem mótið fer fram.

GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá mótinu. Klúbburinn þar sem mótið fer fram skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem Íslandsmótið fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við mótið og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

4. gr.

Mótsstjórn ákveður skráningarfrést, en getur þó heimilað þáttöku berist tilkynning síðar, hafi hámarksfjölda þátttakenda ekki verið náð.

5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.

6. gr.

Þáttökugjöld skulu greidd við skráningu. Þáttökugjald fæst einungis endurgreitt séu forföll boðuð eigi síðar en kl. 18:00, þremur dögum fyrir fyrsta keppnisdag.



2. kafli

7. gr.

Þátttökurétt hafa (a) íslenskir ríkisborgarar og (b) erlendir kylfingar eftir a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu hérlendis. Þátttakendur skulu vera félagar í golfklúbbi innan vébanda GSÍ.

Kept skal í eftirtöldum flokkum:

Öldungaflokkur karla 50 ára og eldri – Hámarksförgjöf 18,0

Öldungaflokkur kvenna 50 ára og eldri – Hámarksförgjöf 26,0

Öldungaflokkur karla 65 ára og eldri – Hámarksförgjöf 22,0

Öldungaflokkur kvenna 65 ára og eldri – Hámarksförgjöf 29,0

Aldur miðast við almanaksár. Hámarksförgjöf miðast við förgjöf þátttakanda kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur.

Hámarksfjöldi keppenda er 150 og skulu þeir leikmenn sem fjærst eru förgjafarmörkum í sínum flokki kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur öðlast þátttökurétt. Standi val á milli keppenda með förgjöf jafnlangt frá förgjafarmörkum skal hlutkesti ráða.

Þó skulu að lágmarki 18 kylfingar fá þátttökurétt í hverjum flokki.

Mótsstjórn er heimilt að fjölga keppendum í einstökum flokkum til að fylla í ráshópa, jafnvel þótt heildarfjöldi keppenda fari við það yfir 150.

Forfallist kylfingur eftir að rástímar 1. umferðar hafa verið gefnir út skal sá kylfingur á biðlista sem er með lægstu förgjöf í viðkomandi flokki fá þátttökurétt í ráshópi þess sem forfallaðist.

Í flokkum 65 ára og eldri er notkun golfbíla heimiluð.

Mótsstjórn ákveður hvort keppendum 65 ára og eldri er heimilt að skrá sig í tvo flokka. Sé slíkt heimilað og keppandi er skráður í tvo flokka skal miða við skráningu hans í eldri flokkinn varðandi hámarksfjölda keppenda, tilfærslur ef ekki verður full skráning í flokka og við röðun í ráshópa.

Leika skal 54 holu högguleik án förgjafar á þremur dögum. Mótsstjórn er heimilt að hafa niðurskurð eftir 36 holur. Reglur um niðurskurðinn skulu þá koma fram í keppnisskilmálum.

8. gr.

Skyllt er að keppnisvöllur sé opinn til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst 2 daga fyrir mót. Heimilt er mótsstjórn að takmarka æfingu við eina umferð og skipuleggja rástíma ef með þarf.

9. gr.

Ef jafnt er að loknum 54 holum skal leika þriggja holu umspil og síðan bráðabana ef þörf er, um 1. sæti. Ekki skal leikið um önnur sæti, heldur teljast viðkomandi leikmenn jafnir.



Veita skal þrenn verðlaun í hverjum flokki og skal farandgripur fylgja 1. verðlaunum.

10. gr.

Mótsstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en á fyrsta æfingadegi.

Óheimilt er að hafa fleiri en þrjá keppendur í hverjum ráshóp.

11. gr.

Sigurvegarar í hverjum flokki hljóta titilinn Íslandsmeistari viðkomandi flokks.

12. gr.

Að öðru leyti gilda móta- og keppendareglur GSÍ.

Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 28. apríl 2025.